

# Skipulags- og umhverfisráð

## Stjórnskipuleg staða

Skipulags- og umhverfisráð heyrir beint undir bæjarstjórn. Byggingafulltrúi starfar með ráðinu.

Ráðið fer með verkefni málaflokka 07 Brunavarnir og almannavarnir, 08 Heilnættismál, 09 Skipulags- og byggingarmál, 10 Umferðar- og samgöngumál, 11 Umhverfismál, 23 Hitaveita Barðaströnd, 31 Eignasjóður, 33 Þjónustumiðstöðvar, 43 Vatnsveita og 49 Fráveita. Helstu stofnanir á verksviði ráðsins eru: Embætti slökkviliðsstjóra, slökkvistöðvar, almannavarnir, sorphreinsun og sorpeyðing, heilbrigðiseftirlit, hunda- og kattaeftirlit, umhverfis- og framkvæmdasvið, skipulags- og byggingarmál, götur, gangstéttar og gatnagerð, umferðaröryggismál, snjómokstur og hálkuvarnir, almenningsgarðar, umhverfi gatna og torga, húsnæði eignasjóðs, áhaldahús og tæki, og veitur; hitaveita, vatnsveitur og fráveitur.

## Skipan ráðsins

Í ráðinu eiga sæti fimm fulltrúar, sem bæjarstjórn kýs til fjögurra ára, að afloknum sveitarstjórnarkosningum skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga, laga um brunavarnir, almannavarnir, skipulagslögum, byggingar- og skipulagsreglugerð, umferðarlögum, lögum um vatnsveitur og fráveitur og náttúruverndarlögum og samþykktar um stjórn Vesturbyggðar. Á sama hátt eru kjörnir fimm fulltrúar til vara. Bygginarfulltrúi/skipulagsfulltrúi skal einnig sitja fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétt. Auk kjörinna fulltrúa bæjarstjórnar á slökkviliðsstjóri rétt á að sitja fundi ráðsins, þegar fjallað er um brunamál og almannavarnir, með málfrelsi og tillögurétti. Þá á bæjarstjóri rétt á að sitja fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétti.

Skipulags- og umhverfisráð kýs sér formann og varaformann á fyrsta fundi sínum nema bæjarstjórn ákveði annað.

## Hlutverk

Hlutverk skipulags- og umhverfisráðs er:

- að vera bæjarstjórn til ráðgjafar í bruna- og almannavörnum, heilnættismálum, skipulagsmálum og byggingareftirliti, umferðar-, samgöngu- og umhverfismálum, þjónustu eignasjóðs og þjónustumiðstöðva og í veitumálum,
- að gera tillögur til bæjarstjórnar um markmið í bruna- og almannavörnum, heilnættismálum, skipulagsmálum og byggingareftirliti, umferðar-, samgöngu- og umhverfismálum, þjónustu eignasjóðs og þjónustumiðstöðva og í veitumálum,
- að hafa eftirlit með því að samþykkt markmið bæjarstjórnar í ofangreindum málaflokkum nái fram að ganga,
- að starfa með sviðsstjóra umhverfis- og framkvæmdasviðs
- að starfa með Bygginarfulltrúa/ skipulagsfulltrúa eftir því sem við á,
- að vera umsagnaraðili um ráðningar forstöðumanna stofnana,
- að starfa með forstöðumönnum stofnana á málsviði ráðsins og gera tillögur um úrbætur í starfi þeirra.

Skipulags- og umhverfisráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um fjárhagsáætlun vegna þeirra stofnana, sem tilheyra verksviði ráðsins og heyra til málaflokkasviðs hennar almennt. Ráðið skal hafa faglega umsjón með þeim stofnunum sem á verksviði hennar eru og hafa eftirlit með því að stofnanirnar starfi innan ramma laga og samþykkrar fjárhagsáætlunar á hverjum tíma.

## Starfshættir

Um starfshætti ráða er sérstaklega getið í VI. kafla samþykktar um stjórn Vesturbyggðar og skal þeim fylgt eftir því sem við á.

Skipulags- og umhverfisráð kemur saman fyrir luktum dyrum. Ráðinu er heimilt að opna fundi sína komi fram ósk um slíkt svo fremi sem lög eða eðli máls hamli því ekki og skal það gert í

samræmi við 2. mgr. 38. gr. samþykktu um stjórn Vesturbyggðar.

Ráðið gerir samþykkt um reglulegan fundartíma á fyrsta fundi sínum að höfðu samráði við bæjarstjóra. Ráðið skal halda gerðabók og rita fundargerð samkvæmt II. lið 16. gr. um fundarsköp og ritun fundargerða skv. samþykktum um stjórn Vesturbyggðar. Fundarritari hefur umsjón með frágangi og ritvinnslu fundargerðarinnar, birtir hana á heimasíðu sveitarfélagsins í lok fundar og kemur fundargerðinni til bæjarskrifstofu. Ritari bæjarstjórnar leggur fundargerðina fram með dagskrá næsta bæjarstjórnarfundar.

Formaður skipulags- og umhverfissráðs sér um boðun funda í samráði við bæjarstjóra eða hann felur starfsmanni ráðsins fundarboðun, eftir atvikum. Fundur í skipulags- og umhverfissráði er boðaður með skriflegu eða rafrænu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. tveimur sólarhringum fyrir fund skv. III. kafla samþykktar um stjórn Vesturbyggðar og skulu fundargögn birt með rafrænum hætti á lokaðri fundargátt sveitarfélagsins.

Formaður skipulags- og umhverfissráðs stýrir fundum ráðsins samkvæmt 39. gr. samþykktu um stjórn Vesturbyggðar.

Fundur telst ályktunarhæfur ef meirihluti ráðsins er mættur á fund. Í atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða. Mál telst fallið í atkvæðagreiðslu ef atkvæði falla að jöfnu með og á móti.

### Eftirfylgni

- Formaður skipulags- og umhverfissráðs og aðrir fulltrúar í ráðinu skulu snúa sér til bæjarstjóra /sviðstjóra umhverfis- og framkvæmdasviðs og byggingafulltrúa/skipulagsfulltrúa með eftirfylgni staðfesta samþykktu ráðsins.

### Réttindi og skyldur

Um réttindi og skyldur fulltrúa í skipulags- og umhverfissráði gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn Vesturbyggðar, eftir atvikum.

Fulltrúa í ráðinu er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Skal hann boða staðgengil sinn og láta formann ráðsins vita um forföll með góðum fyrirvara.

Hver fulltrúi á rétt á að koma máli á dagskrá fundar, enda skilar hann efni þess til formanns ráðsins a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Fundarmenn skulu hafa hag sveitarfélagsins að leiðarljósi við störf sín í skipulags- og umhverfissráði en eru ekki bundnir að öðru en sannfæringu sinni, lögum og samþykktum um stjórn Vesturbyggðar í atkvæðagreiðslu um málefni í ráðinu.

Fundarmenn eru bundir þagnarskyldu vegna mála, sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu fyrir skipulags- og umhverfissráð og ætla má að leynt eigi að fara skv. eðli máls og lögum hvort sem þau varða einka- eða almannahagsmuni. Þagnarskylda helst þótt nefndarmenn láti af störfum.

Fulltrúi í ráðinu skal víkja af fundi við umræður og afgreiðslu mála sem varðar hann sjálfan, skyldmenni hans eða nánustu venslamenn að ætla má að það móti viljaafstöðu hans að einhverju leyti. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni áður en hann víkur af fundi.

### Lög og reglugerðir

Í störfum sínum skal skipulags- og umhverfissráð taka mið af þeim lögum og reglugerðum, sem undir starfsvið þess heyrir, sérstaklega þó lögum um brunavarnir, almannavarnir, skipulagslögum og byggingarreglugerð, umferðarlögum, lögum um vatnsveitur og fráveitur og náttúruverndarlögum. Þá skal ráðið fylgja sveitarstjórnarlögum og samþykktum um stjórn Vesturbyggðar eins og hún er hverju sinni.